

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1744  
komudagur 10. 3. 2008



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2008

### **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um lagningu raflína í jörð, mál nr. 315**

Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. Samtökin leggjast gegn samþykkt tillögunnar og telja rétt að hagkvæmissjónarmið fái að ráða auk umhverfissjónarmiða við ákvarðanir um lagningu raflína.

Að mati samtakanna á lega og gerð raflína að ráðast af því hvað er hagkvæmt á hverjum stað og tíma. Slíkt ber að meta í hvert sinn ásamt umhverfisáhrifum sem af hljótask. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að kostnaður við lagningu raflína, á tiltekinni spennu, í jörð fari lækkandi og má gera ráð fyrir að þeim fjölgi á næstu árum af þeim sökum. Afar kostnaðarsamt er hins vegar að leggja línur fyrir hæstu flutningsspennu í jörð. Flutningskostnaður, sem þegar er hár á Íslandi, mun því óhjákvæmilega hækka verulega ef af verður. Við það bætist að endingartími raflagna í jörð er a.m.k. helmingi styttri en á hefðbundnum línur. Það getur ekki annað en valdið mikilli hækkun á verði rafmagns til endanlegra notenda. Fyrir vikið mun samkeppnishæfni iðnaðar á Íslandi skaðast og kostnaður almennra notenda hækka. Nú þegar er verð á rafmagni án skatta sambærilegt við verð í nágrannalöndum okkar, sbr. skýrslu iðnaðarráðherra um raforkumálefni, lögð fram á Alþingi í desember 2007.

Helstu rök fyrir lagningu raflína í jörð eru umhverfisrök en bent er á að umhverfisáhrif af lagningu raflína í jörð eru einnig þó nokkur, s.s. jarðrask og vegagerð, og gætir þeirra mest þegar farið er um ósnortið land. Á ýmsum stöðum kunna aðstæður að vera með þeim hætti að hagfelldara sé að leggja línur í jörð en ákvarðanir um slíkt eiga að ráðast af mati á efnahagslegum og umhverfislegum kostnaði og ábata. Ef einhliða er stefnt að því að allar raflínur skuli leggja með sambærilegum hætti er í raun verið að víkja hjá möguleika á að nýta hagkvæmustu leiðir.

Mörg brýn verkefni bíða í flutningskerfinu s.s. að efla flutningskerfi og tryggja afhendingaröryggi á ýmsum stöðum. Fjármunum væri betur varið í það auk þess sem nýtni raforkukerfisins í heild sinni myndi batna.

Verði tillagan samþykkt leggja Samtökin til að þau fái fulltrúa í nefnd sem fjalla á um málið. Félagsmenn innan Samtaka iðnaðarins kaupa um  $\frac{3}{4}$  af allri raforku sem framleidd er í landinu. Verði það að veruleika að allar rafínur skuli í fyllingu tímans lagðar í jörð er augljóst að fyrirtækjum innan Samtaka iðnaðarins verður sendur stærstur hluti þessa kostnaðar.

Virðingarfyllst,



Bryndís Skúladóttir  
forstöðumaður umhverfismála



Bjarni Már Gylfason  
hagfræðingur